


Hjúkrunarrými á Íslandi – biðlistar og biðtími

Samantekt fyrir árið 2019 og samanburður við síðustu ár

Embætti landlæknis ber lögum samkvæmt að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Hluti af því eftirliti er fólgið í reglulegum athugunum á bið eftir ýmiss konar heilbrigðisþjónustu. Í þessari samantekt hafa tölur um bið eftir *varanlegri búsetu í hjúkrunarrými* og tölur um þá sem fengu úthlutun á árinu 2019 verið teknar saman. Töf hefur orðið á birtingu samantektar fyrir árið 2019 vegna COVID-19 faraldursins og vinnu tengdri honum hjá starfsmönnum embættis landlæknis. Í ljósi aðstæðna er einnig fjallað um stöðu á biðlistum á fyrstu mánuðum ársins 2020.


Á síðasta degi ársins 2019 voru 404 einstaklingar á biðlista en biðlisti hefur lengst mikið á síðustu 10 árum. Flestir voru á biðlista á síðasta ársfjórðungi 2018 en á fyrri hluta ársins 2019 dró í fyrsta sinn úr fjölgun á biðlista. Þróunin snérist aftur við í lok árs og á fjórða ársfjórðungi 2019 voru að meðaltali 395 á biðlista. Á fyrsta ársfjórðungi 2020 voru að meðaltali 366 á biðlista.

Árið 2011 voru aldraðir þ.e. þeir sem náð hafa 67 ára aldri, að meðaltali 34.348 en 44.508 árið 2019. Meðalfjöldi á biðlista á hverja 10.000 aldraða var 46/10.000 á fyrsta ársfjórðungi 2011 en 89,0/10.000 á fjórða ársfjórðungi 2019. Á fyrsta ársfjórðungi 2020 var að meðaltali 81/10.000 á biðlista. Fjölgun á biðlista frá fyrsta ársfjórðungi 2011 til fyrsta ársfjórðungs 2020 nemur 76% þegar tekið er tillit til mannfjölda en 132% þegar eingöngu er horft á fjölda einstaklinga.




Mynd A. Meðalfjöldi á biðlista eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými í hverjum ársfjórðungi. Dökka línan sýnir meðalfjölda einstaklinga en ljósa línan sýnir fjölda á hverja 10.000 íbúa 67 ára og eldri.

Fjöldi á biðlista sýnir aðeins einn hluta af heildarmyndinni og mikilvægt er að horfa líka á hve lengi fólk þarf að bíða, eftir að það fær samþykkt færni- og heilsumat, til að meta aðgengi. Mynd B sýnir fjölda sem fékk hjúkrunarrými á hverju ári frá 2011 til 2019 og hve hátt hlutfall þurfti að bíða lengur en 90 daga eftir rýminu. Árið 2019 biðu 46% lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými. Miðgildi¹ biðtíma var 92 dagar. Af þeim sem fengu hjúkrunarrými á fyrsta ársfjórðungi 2020 biðu um 40% lengur en 90 daga, miðgildi biðtíma var 73 dagar. Þannig biðu 60% níutíu daga eða skemur en [markmið stjórnvalda er að 65% fái hjúkrunarrými innan 90 daga árið 2020](#).



Mynd B. Fjöldi sem fluttist í hjúkrunarrými til varanlegrar dvalar og hlutfall sem beið lengur en 90 daga.

Miðgildi biðtíma þeirra sem fengu hjúkrunarrými árið 2011 var 31 dagur en 92 dagar hjá þeim sem fengu rými árið 2019.



¹ Miðgildi fæst með því að raða biðtíma allra í röð eftir tímalengd og finna gildið í miðjunni. Þannig biðu u.þ.b. 50% þeirra sem fengu hjúkrunarrými skemur en sem nemur miðgildinu en u.þ.b. 50% lengur. Þegar gögn eru ekki normaldreifð getur miðgildi gefið betri mynd af biðtíma en meðalbiðtími, sem getur lækkað/hækkað mikið ef einhverjir bíða óvenjulega stutt/lengi.

Á árinu 2019 bættust við ný hjúkrunarrými á [Seltjarnarnesi](#) og í [Hafnarfirði](#). Fjölgun á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu virðist hafa haft jákvæð áhrif á fjölda á biðlista á fyrri hluta árs 2019 en aftur fjölgaði á biðlista á síðari hluta ársins. Eftir opnun á nýju hjúkrunarheimili með 99 hjúkrunarrýmum á [Sléttuvegi í Reykjavík](#) þann 28. febrúar á þessu ári hefur einstaklingum á biðlista aftur fækkað. Einstaklingar sem lágu á Landspítala fengu forgang í þessi nýju rými vegna viðbúnaður á Landspítala í tengslum við heimsfaraldur COVID-19.

Alls er áætlað að opna 568 ný rými á landsvísu til ársins 2023.² Mikilvægt er að þessi rými verði opnuð til að stytta biðtíma enn frekar og koma í veg fyrir að einstaklingar þurfi að dvelja langdvölum á bráðasjúkrahúsi á meðan beðið er eftir rými. Eins og fjallað var um í [ársuppgjöri embættisins 2018](#) varðandi bið eftir hjúkrunarrými hefur bið aldraðra á bráðasjúkrahúsi neikvæð áhrif á heilsu þeirra, færni og lífsgæði. Þá er meðhöndlun fólks á röngu þjónustustigi léleg nýting á fjármagni.

² Heilbrigðisráðuneytið, 2019. [Staða framkvæmdaáætlunar um byggingu hjúkrunarrýma og framhald til ársins 2024](#). Greinargerð SHP september 2019.

Fjallað er sérstaklega um bið eftir hjúkrunarrými í hverju heilbrigðisumdæmi hér á eftir. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Opnun nýrra hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu hefur haft jákvæð áhrif, en einstaklingum á biðlista hefur fækkað umtalsvert á fyrstu þremur mánuðum ársins. Biðtími var langur hjá þeim sem fengu hjúkrunarrými árið 2019 en hefur verið styttri hjá þeim sem hafa fengið úthlutun það sem af er ári 2020.
- Hlutfallslega fæst hjúkrunarrými á hverja 1.000 aldraða eru á Suðurnesjum. Miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið hjúkrunarrými á Suðurnesjum hefur lækkað verulega á síðustu árum og var nálægt miðgildi á landsvísu árið 2019.
- Á síðustu árum hefur aðgengi að hjúkrunarrýmum á Vesturlandi verið betra en víða annars staðar á landinu. Biðlistar hafa hins vegar lengst umtalsvert frá árinu 2017 og vísbendingar eru um að biðtími þeirra sem hafa fengið hjúkrunarrými það sem af er árinu 2020 hafi verið langur.
- Á Vestfjörðum hefur hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga verið svipað og á landsvísu á síðustu árum en hækkaði á árinu 2019. Ekki er hægt að draga sterkar ályktanir af því en töluverðar sveiflur geta orðið milli ára, einkum í litlu umdæmi.
- Heldur færri voru að meðaltali á biðlista á Norðurlandi árið 2019 en árin áður. Miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið hjúkrunarrými og hlutfall sem beið lengur en 90 daga hefur lækkað.
- Aðgengi að hjúkrunarrýmum á Austurlandi virðist betra en víða, þar var biðtími árið 2019 styttri en á landsvísu.
- Biðtími þeirra sem fengu úthlutun á Suðurlandi árið 2019 var umtalsvert styttri en í öðrum umdæmum og hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga lægra en á landinu öllu.

Agnes Gísladóttir, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði

Laura Sch. Thorsteinsson, teymisstjóri úttekta á sviði eftirlits og gæða

Ólóf Elsa Björnsdóttir, verkefnisstjóri á sviði eftirlits og gæða


Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs

Heilbrigðisumdæmi

Á árinu 2019 voru að meðaltali 377 á biðlista eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými á landsvísu, 137 karlar og 240 konur. Á landsvísu jafngildir það 8,2 á hverja 1.000 íbúa sem náð hafa 67 ára aldri (einstaklingar á biðlista sem eru yngri eru taldir með þótt þeir telji ekki í mannfjöldatölum). Íslandi er skipt í sjö heilbrigðisumdæmi og er aðgengi að hjúkrunarrýmum misjafnt eftir umdæmum. Mynd C sýnir meðalfjölda á biðlista eftir hjúkrunarrými á hverja 1.000 aldraða íbúa árið 2019 miðað við lögheimili og fjölda aldraðra í hverju umdæmi, eftir kyni. Hlutfallslega fleiri konur (10,3/1.000) en karlar (6,5/1.000) eru á biðlista. Að einhverju leyti getur lengri biðtími eldri kvenna haft áhrif þar á, en miðgildi biðtíma kvenna sem höfðu náð 80 ára aldri var 99 dagar en karla á sama aldri 73 dagar. Miðgildi var um 90 dagar hjá konum og körlum sem voru yngri en 80 ára.



Hægt er að skoða biðlista eftir hjúkrunarrými frá árinu 2013 í [gagnvirkri](#) birtingu á vef embættis landlæknis. Auk heilbrigðisumdæma er þar hægt að skoða tölurnar eftir stærstu sveitarfélögum landsins. Hafa ber í huga að einstaklingar sækja ekki endilega um að flytjast á hjúkrunarheimili í heilbrigðisumdæminu sem þeir eru með lögheimili í.



Mynd C. Meðalfjöldi á biðlista eftir almennu hjúkrunarrými á hverja 1.000 aldraða íbúa (67 ára og eldri).


Í árslok 2019 voru 2.648 almenn hjúkrunarrými³ á landinu. Það ár fluttust 977 einstaklingar í slík rými til varanlegrar dvalar, 388 karlar og 589 konur. Af þeim voru 34 karlar (9%) og 19 konur (3%) yngri en 67 ára. Um 70% karlanna og 80% kvennanna voru 80 ára eða eldri.

³ Í þessari samantekt er átt við fjölda almennra hjúkrunarrýma þegar greint er frá fjölda hjúkrunarrýma. Til viðbótar við almenn hjúkrunarrými eru önnur hjúkrunarrými á landinu, t.d. sérhæfð geðhjúkrunarrými og rými ætluð fyrir endurhæfingu, eða samtals 2.795. eru þá ótalin dvalarrými og dagdvalarrými.

Mynd D sýnir fjölda almennra hjúkrunnarrýma á hverja 1.000 íbúa í umdæmunum. Færri rými eru á Suðurnesjum á hverja 1.000 aldraða íbúa (45/1.000) en fleiri á Vesturlandi (80/1.000) og Norðurlandi (70/1.000) en á landsvísu (58,5/1.000). Munurinn er tölfræðilega marktækur í þessum þremur umdæmum (og á Austurlandi hvað varðar 80 ára og eldri).

Á myndinni er punktur sem sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fluttust í hjúkrunnarrými árið 2019. Miðgildi biðtíma var hæst á höfuðborgarsvæðinu, 104 dagar, en umdæmið er annað af tveimur heilbrigðisumdæmum þar sem fjöldi hjúkrunnarrýma á hverja 1.000 íbúa 80 ára og eldri er undir 200. Á Suðurlandi var miðgildi biðtíma helmingurinn af því sem það var á landsvísu en fjöldi rýma á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri var svipaður og á landinu í heild.


Myndin sýnir að biðtími eftir varanlegri dvöl í hjúkrunnarrými er mislangur eftir heilbrigðisumdæmum og hlutfallslegur fjöldi hjúkrunnarrýma ólíkur. Aðgengi að annarri þjónustu, t.d. heimahjúkrun eða dagþjálfun, getur verið afar ólíkt eftir búsetu. Þannig er líklegt að einstaklingur sem býr í strjálbýli þurfi að fá varanlega dvöl í hjúkrunnarrými fyrr en einstaklingur með svipaða færni sem býr í fjölmennu og þéttbýlu samfélagi þar sem þjónusta getur verið aðgengilegri.




Mynd D. Fjöldi almennra hjúkrunnarrýma í árslok 2019 á hverja 1.000 íbúa í heilbrigðisumdæminu 1. janúar 2020. Punktur sýnir miðgildi biðtíma (í dögum) þeirra sem fengu hjúkrunnarrými í umdæminu árið 2019.

Almenn hjúkrunnarrými eru 95% allra rýma á landsvísu en í sumum umdæmum er hlutfallið lægra, einkum á Vesturlandi og Suðurlandi þar sem fjöldi geðhjúkrunnarrýma er yfir 10% af fjölda rýma. Skiptingu rýma má sjá á [vef](#) heilbrigðisráðuneytis.


Höfuðborgarsvæði



Tæplega 28.600 aldraðir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali árið 2019. Íbúum í umdæminu fjölgaði um 8,6% frá 2015 til 2019 á sama tíma og landsmönnum fjölgaði um 9,0%. Einstaklingar sem höfðu náð 80 ára aldri voru 3,4% af íbúum í umdæminu árið 2019 en hlutfallið var 3,5% á landsvísu. Árið 2019 voru að meðaltali 220 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými, ríflega 70% fleiri en 2015. Í árslok 2018 voru 1.459 almenn hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu en 1.524 í árslok 2019. Fjöldi hjúkrunarrýma á hverja 1.000 aldraða var minni á höfuðborgarsvæðinu en víða annars staðar á landinu eins og sjá má á mynd D hér að framan.



Frá árinu 2014 fjölgaði jafnt og þétt á biðlista fram til nóvember 2018. Þá fækkaði einstaklingum á biðlista í fyrsta sinn á tímabilinu en á síðari hluta ársins 2019 tók að fjölga á ný. Á árinu 2020 hefur orðið viðsnúningur og einstaklingum á biðlista fækkað jafnt og þétt. Í mars 2020 voru að meðaltali 162 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu á biðlista, sem er svipaður fjöldi og síðla árs 2016.




Ríflega 60% landsmanna sem hafa náð 67 ára aldri búa á höfuðborgarsvæðinu. Það er því viðbúið að tölur fyrir höfuðborgarsvæðið líkist talsvert tölum fyrir landið í heild þar sem hlutur umdæmisins er svo stór á landsvísu.

Af þeim 482 sem fengu hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 beið fjórðungur lengur en 90 daga. Hlutfallið var 41% árið 2018 en árið 2019 beið um helmingur þeirra 635 sem fengu hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu lengur en 90 daga. Miðgildi biðtíma þeirra var 107 dagar og meðalbiðtími 146 dagar. Af þeim 307 sem höfðu fengið hjúkrunarrými í umdæminu á fyrstu mánuðum ársins 2020 biðu 127 lengur en 90 daga (41%). Miðgildi biðtíma þeirra var 72 dagar.

Mat embættis landlæknis: Eftir mikla fjölgun einstaklinga á biðlista á höfuðborgarsvæðinu á síðustu árum hefur þeim nú fækkað. Hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými jókst mikið frá árinu 2014 til 2019 en miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið rými það sem af er ári er lægra en á síðasta ári. Opnun nýrra hjúkrunarrýma í umdæminu bæði 2019 og 2020 virðist hafa haft jákvæð áhrif á biðlista og er frekari fjölgun hjúkrunarrýma á svæðinu áætluð á næstu árum.


Suðurnes



Að meðaltali bjuggu rúmlega 2.400 einstaklingar sem náð höfðu 67 ára aldri á Suðurnesjum árið 2019. Fjölgun íbúa frá árinu 2015 til 2019 nam ríflega 23% þegar fjölgun á landsvísu nam 9,0%. Fjölgun varð meiri meðal ungs fólks en öldruðum fjölgaði um 17%. Íbúar sem náð höfðu 80 ára aldri voru 2,3% íbúa, samanborið við 3,5% á landinu í heild.

Árið 2019 voru að meðaltali 16 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými á Suðurnesjum eða 6,6 á hverja 1.000 aldraða íbúa í umdæminu. Árið 2015 var samsvarandi hlutfall 21,3/1.000.


Í árslok 2019 voru 110 almenn hjúkrunarrými í umdæminu, fæst rými á hverja 1.000 aldraða íbúa þegar fjöldi er skoðaður eftir heilbrigðisumdæmum (mynd D).




Mjög hátt hlutfall fólks sem fékk hjúkrunarrými á Suðurnesjum á árunum 2015 og 2016 beið lengur en 90 daga. Miðgildi biðtíma þeirra sem fengu hjúkrunarrými árið 2016 var yfir 200 dagar en ári síðar var það ríflega 50 dagar. Síðan þá hefur hlutfall sem beið lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými verið svipað og á landsvísu. Það sem af er árinu 2020 hafa 17 einstaklingar fengið hjúkrunarrými, miðgildi biðtíma þeirra var 44 dagar.

Mat embættis landlæknis: Miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið hjúkrunarrými á Suðurnesjum hefur lækkað verulega og frá árinu 2017 hefur hlutfall sem beið lengur en 90 daga verið svipað og á landsvísu. Vegna mikillar fjölgunar íbúa getur þörf fyrir hjúkrunarrými átt eftir að aukast töluvert í umdæminu á komandi árum. Fyrirhugað er að [opna nýtt hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ](#) um mitt ár 2023 og fjölgar hjúkrunarrýmum í umdæminu þá um 30.

Vesturland




Ríflega 2.600 aldraðir þjuggu á Vesturlandi árið 2019. Íbúum í umdæminu fjölgaði um 5,1% frá 2015 til 2019 á sama tíma og landsmönnum fjölgaði um 9,0%. Einstaklingar sem höfðu náð 80 ára aldri voru 4,2% af íbúum á Vesturlandi árið 2019 en hlutfallið var 3,5% á landsvísu. Í árslok 2019 voru 213 almenn hjúkrunarrými í umdæminu og var hlutfall hjúkrunarrýma á hverja 1.000 íbúa með því hæsta á landsvísu (mynd D). Árið 2019 voru að meðaltali 29 á biðlista eftir almennu hjúkrunarrými, fleiri en árin á undan. Áfram hefur fjölgað á biðlista en á fyrsta ársfjórðungi 2020 voru að meðaltali 45 íbúar á Vesturlandi á biðlista eftir hjúkrunarrými.



Hlutfall sem þurfti að bíða lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými hefur verið nálægt eða undir landsmeðaltali á síðustu árum. Árið 2019 var miðgildi biðtíma þeirra 54 sem fengu hjúkrunarrými 52 dagar, á sama tíma og það var 92 dagar á landsvísu. Það sem af er árinu 2020 hafa 25 fengið hjúkrunarrými í umdæminu og yfir helmingur þeirra beið lengur en 90 daga.


Mat embættis landlæknis: Fjölgun hefur orðið á biðlista og vísbendingar eru um að þeir sem hafa fengið rými það sem af er þessu ári hafi margir hverjir beið lengi. Hlutfallslegur fjöldi hjúkrunarrýma í umdæminu er með því mesta á landinu. Ekki er fyrirhuguð fjölgun á rýmum í umdæminu á næstu árum en [áætlað er](#) að endurbæta 18 rými í Stykkishólmi.

Vestfirðir



Á Vestfjörðum bjuggu að meðaltali 817 einstaklingar sem náð höfðu 67 ára aldri árið 2019. Íbúar sem náð höfðu 80 ára aldri voru 4,0% íbúa, samanborið við 3,5% á landsvísu. Að meðaltali voru 11 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými árið 2019.


Í árslok 2019 voru 57 almenn hjúkrunarrými í umdæminu, sem er hlutfallslega sambærilegt við nokkur önnur heilbrigðisumdæmi.



Í litlu umdæmi er erfitt að túlka tölur þar sem einstaklingar eru fáir og tölur geta sveiflast mikið. Hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga var ekki langt frá landsmeðali á árunum 2014-2018 en var töluvert hærra árið 2019. Vísbendingar eru um að biðtími hafi verið styttri hjá þeim sem hafa fengið hjúkrunarrými á árinu 2020.


Mat embættis landlæknis: Meðalfjöldi á biðlista á árinu 2019 var svipaður og síðustu ár þar á undan. Hlutfall sem beið lengur en 90 daga var langt yfir landsmeðaltali en fara ber varlega í að túlka stakt ár þar sem sveiflur geta verið miklar í svo litlu umdæmi. [Fyrirhugað er að fjölga hjúkrunarrýmum](#) um tíu á Ísafirði og betrumbæta rými á Patreksfirði. Áætluð verklok eru á árunum 2023-4.

Norðurland



Ríflega 5.300 aldraðir bjuggu á Norðurlandi að meðaltali á árinu 2019. Íbúum í umdæminu fjölgaði um 3,8% frá 2015 til 2019 á sama tíma og landsmönnum fjölgaði um 9,0%. Einstaklingar sem höfðu náð 80 ára aldri voru 4,3% af íbúum í umdæminu árið 2019 en hlutfallið var 3,5% á landsvísu. Í árslok 2019 voru 377 almenn hjúkrunarrými í umdæminu, eða 242 á hverja 1.000 íbúa 80 ára og eldri, fleiri en á landsvísu (mynd D).


Meðalfjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrými á Norðurlandi jókst nokkuð frá 2014 til 2017 en stóð svo í stað á milli ára. Á árinu 2019 voru heldur færri verið á biðlista að meðaltali en undanfarin 2 ár.



Hlutfall sem beið lengur en 90 daga eftir varanlegu hjúkrunarrými á Norðurlandi var jafnan hærra en meðaltal á landsvísu á árunum 2014 til 2018. Árið 2019 biðu 40% svo lengi eftir rýminu en landsmeðaltal var 46%. Það hlutfall hefur haldist það sem af er árinu 2020. Miðgildi biðtíma var 77 dagar hjá þeim sem fengu rými árið 2019 og hafði þá styst úr 120 dögum frá árinu áður.

Mat embættis landlæknis: Heldur færri voru að meðaltali á biðlista árið 2019 en árin áður. Miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið hjúkrunarrými og hlutfall sem beið lengur en 90 daga hefur lækkað. Hlutfallslegur fjöldi rýma á hverja 1.000 aldraða er meiri en á landsvísu. Fyrirhugað er að opna nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík árið 2021 og fjölga þar rýmum um 6. Stefnt er að fjölgun hjúkrunarrýma á Akureyri um 60 samkvæmt [framkvæmdaáætlun](#) til 2023.


Austurland



Að meðaltali bjuggu tæplega 1.500 einstaklingar sem náð höfðu 67 ára aldri á Austurlandi á árinu 2019. Á árunum 2015-2019 fjölgaði íbúum í umdæminu um 3,8% en fjölgun á landsvísu nam 9%. Hlutfall íbúa sem náð höfðu 80 ára aldri var 3,4%, svipað og á landsvísu (3,5%).


Í árslok 2019 voru 109 almenn hjúkrunarrými í heilbrigðisumdæminu sem var með því hæsta á landsvísu miðað við íbúafjölda.

Frá árinu 2016 hefur fjöldi á biðlista verið nokkuð svipaður, að meðaltali voru 17 einstaklingar á biðlista árið 2019.




Hlutfall sem beið lengur en 90 daga eftir rými hefur verið undir landsmeðaltali á síðustu árum og nam 37% árið 2019. Miðgildi biðtíma þeirra sem fengu hjúkrunarrými það ár var 49 dagar, á sama tíma og það var 92 dagar þegar landið er skoðað í heild.

Mat embættis landlæknis: Aðgengi að varanlegu hjúkrunarrými á Austurlandi virðist betra en víða annars staðar á landinu.



Ríflega 4.100 einstaklingar sem náð höfðu 67 ára aldri bjuggu að meðaltali á Suðurlandi árið 2019. Íbúum í umdæminu fjölgaði um 13,2% frá 2015 til 2019, en fjölgun nam 9,0% á landsvísu. Hlutfall íbúa sem náð höfðu 80 ára aldri var 3,6%, svipað og á landinu öllu (3,5%). Almenn hjúkrunarrými í umdæminu voru 257.

Meðalfjöldi á biðlista hefur haldist nokkuð svipaður á síðustu 5 árum. Árið 2019 biðu að meðaltali 20 einstaklingar eftir hjúkrunarrými.



Hlutfall sem beið lengur en 90 daga hefur verið undir hlutfalli á landsvísu síðustu ár. Árið 2019 beið 31% þeirra sem fengu rými lengur en 90 daga, á sama tíma og hlutfallið var 46% á landinu öllu. Miðgildi biðtíma var lægst á Suðurlandi árið 2019, helmingur var kominn með rými eftir 46 daga á biðlista. Miðgildið var þannig helmingur þess sem það var á landsvísu (92 dagar). Það sem af er árinu 2019 hefur miðgildið verið svipað.

Mat embættis landlæknis: Aðgengi að hjúkrunarrými á Suðurlandi er betra en víðast hvar. Biðtími þeirra sem fengu úthlutun árið 2019 var umtalsvert styttri en í öðrum umdæmum og hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga hefur verið mun lægra á Suðurlandi en á landinu öllu. Mikil íbúafjölgun hefur orðið í umdæminu og þörf fyrir hjúkrunarrými gæti því aukist á komandi árum. [Áætlað er](#) að 60 rými opni í Árborg í lok næsta árs og fjölgi rýmum þá um 25.

Heimild: Embætti landlæknis, heilbrigðisupplýsingasvið. Færni- og heilsumatsskrá

Grunnurinn er „lifandi“, þ.e. breytist dag frá degi. Unnið var með gögn sem voru uppfærð 11.05.2020. Í þessari samantekt er miðað við að einstaklingur sé kominn á biðlista þegar ósk um hjúkrunarrými hefur verið skráð.

Vinnsluaðilar: AG og KJ